

Aðalfundur Taflfélags Reykjavíkur miðvikudagur, 27. maí 2026 kl 19:40

Haldinn í félagsheimili Taflfélags Reykjavíkur

Fundinn sátu:

Daði Ómarsson

Helgi Áss Gretarsson

Gauti Páll Jónsson

Ingvar Þór Jóhannesson

Kjartan Maack

Kristófer Orri Guðmundsson

Magnús Kristinsson

Jon Olaf Fivelstad

Ólafur Ásgrímsson

Þorsteinn Magnússon

Dagskrá:

- Formaður félagsins setur aðalfund og lætur kjósa fundarstjóra og fundaritara sem þegar til starfa
- Kynnt fundargerð síðasta aðalfundar
- Formaður flytur skýrslu stjórnar
- Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga og gerir grein fyrir þeim.
- Umræður um störf stjórnar og afgreiðslu reikninga.
- Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár og tillaga um árgjöld félagsmanna. Almennar umræður og afgreiðsla.
- Kosning stjórnar samkvæmt 6. gr. laga félagsins
- Kosnir tveir endurskoðendur og einn til vara.
- Breytingar á lögum og reglum félagsins.
- Önnur mál

Formaður félagsins setur aðalfund og lætur kjósa fundarstjóra og fundaritara sem þegar til starfa.

Fundastjóri kosinn Ingvar Þór Jóhannesson og fundaritari Daði Ómasson.

Kynnt fundargerð síðasta aðalfundar

Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fyrir aðalfund.

Formaður flytur skýrslu stjórnar

Farið yfir árskýrslu og stiklað á stóru. Félagið náði að snúa við erfiðri stöðu í Íslandsmóti taflfélaga og hefur náð góðum árangri í unglíngamótum og öðru mótahaldi. Mjög mikil stígandi í þátttöku í barnastarfi og í barnamótum. Skráningarkerfið og innheimtur með sportabler/abler kerfinu er komið í fastar skorður sem hefur nýst vel varðandi innheimtu æfingar- og þáttökugjalda á mótum.

Gjaldkeri leggur fram endurskoðaðan reikninga og gerir grein fyrir þeim

Rekstur grunnstarfsins hefur batnað. Meiri tekjur af starfsemi og minni rekstrarkostnaður. Rekstur og heimasíðu dýrari vegna hreyfinga frá hýsingaraðila en á móti lægri kostnaður til framtíðar.

Umræða um að taka langatímalán til að draga úr dýrari fjármögnunarleiðum. Skýrsla og ársreikningur samþykktur af stjórn samhljóma.

Fjárhagsáætlun lögð fyrir og samþykkt af stjórn.

Fjárhagsstaðan er í járnun eins og er vegna mikilla en nauðsynlegra framkvæmda við sameign húsfélagsins á snjóbræðslu og malbiki. Samningur við Reykjavíkurborg hefur verið endurnýjaður með samningi til tveggja ára. Eiginfjárstaða félagsins er áfram góð. Áætluð rekstrarniðurstaða fyrir komandi tímabil aðallega vegna framkvæmda á sameign.

Árgjöld félagsmanna ákveðið 7.000 kr. Rætt var um að reyna að auka innheimtur á árgjöldum sem hafa ekki verið miklar að undanfögnu. Fjárhagsáætlun og árgjöld félagsins samþykkt.

Kosning stjórnar samkvæmt 6. gr. laga félagsins.

Formaður kosinn: Magnús Kristinsson.

Stjórn: Magnús Kristinsson, Una Strand Viðarsdóttir, Jon Olaf Fivelstad, Daði Ómarsson, Kristófer Orri Guðmundsson, Þorsteinn Magnússon, Ingvar Þór Jóhannesson.

Varastjórn: Benedikt Þórisson, Helgi Áss Grétarsson, Gauti Páll Jónsson, Iðunn Helgadóttir.

Kosnir tveir endurskoðendur og einn til vara.

Kjartan Maack og Sigurlaug endurkjörin sem endurskoðendur reikninga. Til vara var kosinn Jón Gunnar Jónsson.

Lagatillögur.

I. Breyting á Félagsgjöldum

Ný útgáfa samþykkt með breytingartillögu. (sjá feitletrun)

4.gr

Fullgildir félagsmenn. Árgjald fullgildra félagsmanna skal ákveðið á aðalfundi hverju sinni. Fullgildir félagar teljast þeir félagsmenn, sem eru skuldlausir og ekki fullgildir félagar í öðrum félögum. **Stjórn er heimilt að veita fullgildum félögum forgang þegar kemur að rétti til að keppa fyrir hönd félagsins ásamt því að fá afslátt á mótum félagsins** Fullgildir félagar hafa rétt til þátttöku í allri starfsemi félagsins, sbr. Þó 7.gr

II. Breyting á lögum félagsins

Lagt til að við 8. og 9. gr. laga Taflfélags Reykjavíkur verði gerðar þær breytingar að formaður, varaformaður og gjaldkeri fari með prókúru fyrir félagið og að firma félagsins verði einungis ritað með sameiginlegri undirritun tveggja þeirra. Felur í sér að einfalda umboð við undirritanir sem getur reynst tímafrekt. Enginn stjórnarmaður getur einn skuldbundið félagið með firmaritun. Breyting á lögum félagsins samþykkt

III. Samþykktir

Lagðar fram vegna skráningar félagsins á almannaheillaskrá. Samþykkt.

Önnur mál:

- Aðildargjöld Skáksamband Íslands rædd.
- Afreksstarf félagsins rætt.
- Val á aðalfund Skáksambandsins rætt

Fundi slitið 21:43



**TAFLFÉLAG
REYKJAVÍKUR**

STOFNAD 6. OKTÓBER 1900